

Hafnarfirði, 3. desember 2019

Efni:

Bókun 13/11'2019 á bæjarstjórnarfundum Hafnarfjarðarkaupstaðar:

Tillaga 5 - Uppbygging leikskóla í Öldutúnsskólahverfi

Fulltrúar Samfylkingarinnar telja að næstu framkvæmdir við fjölgun leikskólaplássna eigi að vera í Öldutúnsskólahverfi. Við teljum það ekki rétta forgangs röðun að fjölga plássum í Norðurbænum þar sem nú þegar eru of mörg pláss miðað við fjölda barna, á meðan pláss vantar í Öldutúnsskólahverfi. Leikskólalögnunusta á að vera nærþjónusta og styðja þannig við hugmyndir um þéttingu byggðar og umhverfissjónarmið. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja því til að fallið verði frá því að fjölga vistunarplássum á Hjalla og þess í stað hafinn undirbúningur að uppbyggingu á leikskóla í Öldutúnsskólahverfi.

Samantekt

Samkvæmt tölfræði í Karellen skráningarkerfi leikskóla eru 1605 börn í leikskólum Hafnarfjarðar í nóvember 2019. Innritun nær til barna niður að 15 mánaða aldri eða til barna fædd fram til 15. júní 2018. Nú stendur yfir innritun fyrir janúar 2020 og því hafa nú þegar nokkrir leikskólar sent út boð vegna þeirrar innritunar. Fjöldi leikskólabarna eykst s.s. í janúar 2020.

Almenn mönnun hefur gengið vel í haust en einni deild á einum leikskóla hefur verið lokað vegna manneklu og ekki búið að fullmanna annan leikskóla enn sem komið er. Að öðru leyti eru leikskólarnir fullmannaðir.

Nú í desember er verið að senda út boðsbréf um leikskólavist til barna fædd að 19. júlí 2018. Þau verða þá um 18 mánaða gömul þegar leikskólavist þeirra hefst. Næsta haust gerum við ráð fyrir að geta boðið börnum niður í 15 mánaða pláss frá hausti.

Oftast fá þau börn sem óska eftir flutningi það uppfyllt næsta haust á eftir. Eftir eitt ár í leikskóla eru flest börn komin í skóla nálægt sínu heimili, óski þau eftir því. Sumir foreldrar kjósa að sækja leikskóla í öðru hverfi en þar sem lögheimili þeirra er þar sem Hafnarfjörður er eitt skólahverfi og foreldrar geta valið út frá áherslum, stefnum og staðsetningu leikskólanna.

Faney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs